

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá landssímans.

188

28. des.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1945 hækka gjaldskrárgjöld landssímans frá núverandi bráðabirgðagjaldskrá, dags. 12. sept. 1942, svo sem hér segir:

- a. Öll uppsetningar-, flutnings- og viðtökugjöld hækka um 100%.
- b. Öll símaafnotagjöld hækka um 50%, að undanskildum afnotagjöldum fyrir aukatalfæri, aukabjöllur, tengla og miðstöðvarborð ásamt tilheyrandi talfærum. Gjald fyrir umframsamtöl við sjálfvirku stöðvarnar í Reykjavík og Hafnarfirði verði þó 10 aurar. Tengigjald hækkar um 50%.
- c. Öll símtalagjöld milli landssímastöðva hækka um 50%, nema fyrir símtöl um vegalengd yfir 475 km, sem hækka um 25%.
- d. Öll símskeytagjöld innanlands hækka um 50%.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Samgöngumálaráðherrann, 28. desember 1944.

Emil Jónsson.

Friðbjörn Aðalsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Bókasjóð Víðihlíðar“, útgefin á 189
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. desember 1944. 29. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasjóð Víðihlíðar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður og gefinn af hjónunum Ragnhildi Hjaltadóttur og Kristjáni Siggeirssyni, kaupmanni, Hverfisgötu 26, Reykjavík, en veitir móttöku gjöfum og áheitum.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Bókasjóður Víðihlíðar, og er tilgangur sjóðsins að kaupa bækur til afnota fyrir sjúklinga, sem dvelja í Víðihlíð.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 krónur, hvar af 7000 kr. er í bókum, ásamt bóka-skáp, og 3000 kr. í peningum.

4. gr.

Sjóðinn, 3000 kr., skal ávaxta í veðdeildarbréfum eða öðrum verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð.

189

29. des.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal $\frac{1}{5}$ hluta vaxta við höfuðstólinn, en $\frac{4}{5}$ hluta þeirra skal árlega varið til bókakaupa handa sjóðnum. Þá er sjóðurinn er orðinn 20000 krónur, skal öllum vöxtunum árlega varið til bóka-
kaupa.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð yfirlækninum og yfirhjúkrunarkonunni í Viðihlíð á Kleppi.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, rita í hana skipulagsskrá þessa og allar samþykktir varðandi sjóðinn, svo og ársreikning hans.

8. gr.

Stjórninni ber að varðveita verðbréf sjóðsins og hafa eftirlit með bókaeign hans, enda skal færð skrá yfir hana.

9. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í árbók ríkisspítalanna eða í Lögbirtinga-
blaðinu.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar.

11. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

190

4. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 54 12. október 1944, um að innheimta
ýmis gjöld með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 54 12. október 1944 og innheimta til ársloka 1945 með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921 I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 2. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 4. desember 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.